

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 HELLA

Garðabær, 29. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0042
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna efnistökusvæðis við Langöldu.

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi ytra sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 14. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 vegna enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna. Um er að ræða enduropnun á efnistökusvæði og því um þegar raskað svæði að ræða. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnisnámi fram til 2030 og að lokinni notkun verður unnið að frágangi og landmótun og svæðið jafnað. Ekki er þörf á nýjum vegum að námunni en endurbæta þarf gamla slóða. Efnistökusvæðið er innan skilgreinds landgræðslusvæði og hverfisverndarsvæðis.

Huga þarf vandlega að ásýndaráhrifum þar sem námusvæðið er nálægt Sprengisandsleið og getur verið áberandi í landslagi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

